

Afnotaleyfi vegna vinnu á vegsvæði



Betri Samgöngur ohf.
Kt. 671020-0300
Hafnarstræti 7
101 Reykjavík

Tengiliður: Katrín Halldórsóttir
- tölvupóstur: katrin@betrisamgongur.is
Símanúmer: 697-3250


Afnotaleyfi Vegagerðarinnar vegna vinnu á vegsvæði Hafnarfjarðarveg (40-02,03)

Vegagerðinni hefur borist tölvupóstur dags. 20.4.2026 frá Betri samgöngum ohf, þar sem óskað er eftir heimild til að vinna á vegsvæði Hafnarfjarðarvegur.

Með umsókn fylgdu teikningar, yfirlitsmynd, annað.


Framkvæmd

Um er að ræða tvö framkvæmdarsvæði, framkvæmdarsvæði 1 er í Kópavogi og framkvæmdarsvæði 2 er í Garðabæ. Á framkvæmdarsvæði 1 verður vegöxl nýtt fyrir hjáleidir gangandi og hjólandi og því þrengist Hafnarfjarðarvegur til suðurs, þrengingin hefur ekki áhrif á fjölda akreina, breidd vegar verður 7 m og breidd hjáleidar gangandi og hjólandi er 1,5 m, þversnið má sjá á mynd 2. Til að tryggja öryggi vegfarenda verða settar upp steiptar blokkir meðfram hjáleidinni með gátskjöldum og fallvörnum. Leyfilegur hámarskhraði verður lækkaður niður í 50 km/klst um vinnusvæðið til að tryggja öryggi.



Mynd 1 Framkvæmdarsvæði 1, mynd fylgdi umsókn (FEB).

Frh. á næstu síðu



Mynd 2 Þversnið af akbrautum og hjáleð hjólandi og gangandi, mynd fylgdi umsókn (FEB).

Áætlaður verktími er frá 15. Júní – 15. Október 2026.

Vinnan mun fara fram eigi fyrr en 07:30 að morgni og eigi lengur en til 22:00 á kvöldin. Ekki er heimilt að vinná á sunnudögum nema brýna nauðsyn beri til og með samþykki eftirlitsmanns. Sérstaklega háværar framkvæmdir mega fara fram frá 8:00 að morgni til 18:00 að kvöldi og ekki er heimilt að vera í hávaðasömum framkvæmdum um helgar eða á almennum frídögum.

Miðað verður að því að þrengingar á Hafnarfjarðarvegi verði hafðar yfir sumarmánuðina áður en haustumferðin hefst.

Heimild Vegagerðarinnar

Vegagerðin heimilar vinnu í samræmi við umsókn/tölvupóst 20.04.2026 á ofangreindu vegsvæði Vegagerðarinnar í sveitarfélaginu Garðabæ dags 15. júní – 15. Október með neðangreindum skilyrðum.

Ef þörf er á því að lækka hámarkshraða á vegi, þrengja að umferð eða loka vegi að hluta skal leyfishafi merkja veginn, og eftir atvikum hjáleiðir, vegna framkvæmdarinnar með viðeigandi merkjum samkvæmt lögum og reglugerðum. Við merkingar skal leyfishafi fara eftir "reglur um vinnusvæðamerkingar" sem eru að finna á eftirfarandi slóð: <https://www.vegagerdin.is/vegagerdin/gagnasafn/reglur-um-vinnusvaedamerkingar-2025>

Verktaki skal leggja fram áætlun um merkingar, til samþykktar hjá Vegagerðinni, og tilnefna ábyrgðarmann sem sótt hefur viðurkennt námskeið um umferðarmerkingar á vinnusvæðum.

Við þrengingar, lokanir eða annað skal leyfishafi ávallt gæta að því að valda vegfarendum ekki verulegum óþægindum.

Leyfishafi skal fara yfir framkvæmdasvæðið og tryggja að engar hættur leynist þar sem öryggi vegfarenda eða starfsmanna leyfishafa geti verið stefnt í hættu. Leyfishafi er ábyrgur fyrir því svæði sem um ræðir, og skal sérstaklega hreinsa það þar sem mikil lausamöl eða aðrar slíkar hættur kunna að vera. Leyfishafa er heimilt að vera í sambandi við Vegagerðina, ef einhverju er ábótavant og óska eftir tilmælum og/eða leiðbeiningum um hreinsanir, merkingar eða annað sem kann að skipta máli.

Ef ábendingar um ónægar, rangar eða villandi merkingar berst frá Vegagerðinni, lögreglu eða öðrum þar til bærum aðila, skal leyfishafi lagfæra vinnusvæði án tafar Vegagerðinni er heimilt



að stöðva verk ef að merkingar eru ófullnægjandi eða ef hættulegar aðstæður skapast að öðru leyti.

Vegagerðin ber ekki skaðabótaábyrgð vegna slysa eða óhappa sem kunna að eiga sér stað í tengslum við framkvæmdina, hvorki á mönnum né munum.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir skemmdum á vegamannvirkjum, öðrum mannvirkjum og náttúru, sem hljóta af í tengslum við framkvæmdina.

Þeir sem vinna á eða við veg skulu vera með öryggisbúnað/fatnað í samræmi við kröfur og reglur, t.d. hrein gul vesti, hjálma og annað sem við á.

Framkvæmdir á vegsvæði Vegagerðarinnar skulu taka eins stuttan tíma og unnt er, frá byrjun til endanlegs frágangs.

Leyfishafi skal tilkynna upphaf og lok framkvæmda til umferðarþjónustu Vegagerðarinnar í síma 1777.

Leyfishafi skal ávallt fara eftir tilmælum og leiðbeiningum Vegagerðarinnar.

Vegsnið og umhverfi vegarins skal haldast óbreytt. Skila skal vegsvæðinu í jafngóðu ástandi og það var í áður, þar með talið vegyfirborði, vegöxlum, vegfláum og vegrásum, sem og öðru innan vegsvæðis. Leyfishafi skal bera ábyrgð á frágangi svæðis og öðru tengdu verkinu í tvö ár frá verklokum. Komi fram sig eða skemmdir á vegyfirborði, sem tengjast framkvæmdinni skal leyfishafi lagfæra það á sinn kostnað. Bregðist leyfishafi ekki við áskorun um lagfæringu áskilur Vegagerðin sér rétt til að koma vegi og afnotasvæði í viðunandi horf á kostnað leyfishafa.

Fari leyfishafi ekki eftir ofangreindum skilyrðum eða tilmælum Vegagerðarinnar, eða brjóti að öðru leyti gegn lögum, reglum eða öðru er gildir um leyfisveitinguna, er Vegagerðinni heimilt að afturkalla leyfið. Sé leyfið afturkallað á framkvæmdatíma skal leyfishafi án tafar koma vegi og afnotasvæði í viðunandi horf. Bregðist leyfishafi ekki við afturkölluninni áskilur Vegagerðin sér rétt til að koma vegi og afnotasvæði í viðunandi horf á kostnað leyfishafa.

Gildistími leyfis er 15. júní – 15. október 2026.

Tengiliður Vegagerðarinnar er Brynjar Sigurjónsson, sími 522-1466.

Afrit sent til: neydarlinan@112.is – umferd@vegagerdin.is – vaktstod@vegagerdin.is – vardstjorar.umfd@lrh.is – gardabaer@gardabaer.is

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Freydis Edda Benediktsdóttir

Með undirritun sinni samþykkir leyfishafi ofangreinda skilmála

Leyfi þetta er undirritað með rafrænum hætti.

